



# Safnaðartíðindi

# Seljasóknar

28. ÁRG. 4. TBL. JÓL 2007



Frá jólaguðspjónustu leikskólanna 19 desember

## Gleðileg jól

**Jóladagskrá  
Seljakirkju  
á baksíðu**

Það er kveðjan sem við notum á jólahátíð. Þá kveðju sendum við frá kirkjunni þinni, með því að minna á starfið sem þar fer fram. Í kirkjunni er fjallað um upphaf og tilefni jólanna. Jólin eru hátíð frelsarans Jesú Krists, - í námunda við hann er rétt tilefni jólanna. Sé hann ekki nálægur verða jólin eitthvað allt annað. Í kirkjunni er lesið um það sem máli skiptir,

söfnuðurinn kemur saman til þess að veita rétt viðbrögð, að þakka og biðja. Við hvetjum til þátttöku í þeirri bænargjörð og lofsöng. Það er rétta jólahaldið., Hittumst í því kirkjunni okkar á heilögum jólum. Þar eru gleðileg jól.

Valgeir Ástráðsson

# Vígsluafmæli Seljakirkju

Þann 16. desember, 3. sunnudag í aðventu, minntumst við þess að 20 ár voru liðin frá vígslu kirkjunnar okkar. Var hátíðarbragur yfir þeim degi, þótt veður væri ekki hagstætt. Að morgni var mikil barna og fjölskylduguðsþjónusta. Barnakórinn söng undir stjórn Önnu Margrétar Óskarsdóttur, Skóla-hljómsveit Austurbæjar, sem skipuð er skólabornum, lék jólalög. Henni stjórnaði Vilborg Jónsdóttir. Kl. 14 var hátíðarguðsþjónusta. Þar prédikaði sr. Sigurður Sigurðarson, vígslubiskup. Sönghópurinn Kolka söng. Að kvöldi var samkoma, þar sem minnst var ýmissa þátta í

byggingu og starfi kirkjunnar. Sr. Valgeir stjórnaði samkomunni og fléttaði í kynningu fróðleik um Seljakirkju. Fjórir tónlistarmenn, sem allir eiga rætur í starfi Seljakirkju fluttu tónlist, þeir Jónas Ásgeirsson, Andri Björn Róbertsson, Bjartur Logi Guðnason og Valdimar Hilmarsson. Kirkjukórinn söng, Jón Símon Gunnarsson las upp og ávörp fluttu Guðmundur Hjálmarsson, formaður sóknarnefndar og John Zalewski, byggingar-meistari kirkjunnar. Sr. Bolli flutti hugvekj. Það er gott að minnst góðra áfanga, leiðir hug að því, hvar ræturnar eru og hvert skal stefna.

## Samverur eldri borgara

Meningarsamverurnar eru síðasta þriðjudag hvers mánaðar. Þær hefjast í kirkjunni kl. 18 með helgistund. Þá er tekið fyrir efni samverunnar um hin ýmsu málefni til fræðslu og skemmtunar og loks flutt tónlist. Að lokinni dagskránni í kirkjunni er gengið til safnaðarsalar. Þar er sest að sameiginlegum málsverði og spjallað saman. Þriðjudaginn 29. janúar verður fyrsta samveran á nýja árinu. Þá mun sr. Valgeir segja frá ferð sinni á slóðir Páls postula í Tyrklandi

# Góðar fréttir af gluggamálum

## Gjafir í gluggasjóð - Stórgjöf kvenfélagsins

Við afmælisguðsþjónustuna þriðja sunnudag í aðventu var þeim áfanga náð í sögu Seljakirkju að afhjúpaður var helmungurinn af steindu gluggunum í kirkjusalnum. Gluggarnir setja mikinn og hátíðlegan svip á kirkjusalinn. Myndirnar í gluggunum skýra út boðskap kirkjunnar. Höfundur listaverkanna er Einar Hákonarson en glervinnslan fór fram í hinu þekktu fyrirtæki Oidtmann Glasmaleri í Þýskalandi. Fjársöfnun hefur verið meðal safnaðarins og annarra velunnara Seljakirkju og hafa margir

lagt rausnarlega fram til málefnisins. Þar má m.a. nefna að Kvenfélag Seljasóknar lagði fram eina milljóna króna í gluggasjóð. Er þar enn eitt dæmi um stórar gjafir þeirra kvenfélagskvenna til kirkjunnar sinnar. Enn verður þó að safna fé til að ljúka verkinu og vonar stjórn safnaðarins að sem flestir sjái sér fært að taka þátt í að fegra kirkjuna með framlögum í gluggasjóð. Í ljós kom að skipta varð um tvöfalda glerið í gluggum kirkjusalarins áður en steinda glerið var sett í. Sjálfboðaliðar skiptu um rúðurnar.

Ísetning steinda glersins var einnig unnin í sjálfboðavinnu. Safnaðarstjón þakkar innilega öllum er unnið hafa að málinu með gjöfum og vinnuframlagi og fyrir velvild og hlýhug í garð kirkjunnar.



# Veglegur dúkur á altari Seljakirkju

Nú á aðventu afhentu konur í Soroptimistaklúbbsi Bakka og Stekkja Seljakirkju að gjöf vandaðan

altarisdúk ásamt tveim blómavösum á altarið. Dúkurinn er unninn af Sigríði Sveinsdóttur, einni klúbbsystri og

ekki ofmælt að þar er mikið listaverk, unnið af snilld og alúð. Þar er mikið gersemi, vottur um góðan hug og vilja til að efla safnaðarstarf. Soroptimistasysturnar halda fundi sína í Seljakirkju og hafa áður sýnt kirkjunni hug sinn með góðum stuðningi og gjöfum. Þessi gjöf var formlega tekin í notkun við hátíðarguðsþjónustuna 16. desember.



# JÓLAGUÐSPJALLIÐ

En það bar til um þessar mundir að boð kom frá Ágústusi keisara, að skrásetja skyldi alla heims-byggðina. Þetta var fyrsta skrásetningin og var gerð þá er Kýreníus var landstjóri á Sýrlandi. Fóru þá allir til að láta skrásetja sig, hver til sinnar borgar.

Þá fór og Jósef úr Galíleu frá borginni Nasaret upp til Júdeu, til borgar Davíðs, sem heitir Betlehem, en hann var af ætt og kyni Davíðs, að láta skrásetja sig ásamt Maríu heitkonu sinni sem var þunguð. En meðan þau voru þar kom sá tími er hún skyldi verða léttari. Fæddi hún þá son sinn frumgetinn, vafði hann reifum og lagði hann í jötu af því að eigi var rúm fyrir þau í gistihúsi.

En í sömu byggð voru hirðar úti í haga og gættu um nóttina hjarðar sinnar. Og engill Drottins stóð hjá þeim og dýrð Drottins ljómaði kringum þá. Þeir urðu mjög hræddir en engillinn sagði við þá: „Verið óhræddir, því, sjá, ég boða yður mikinn fögnuð sem veitast mun öllum lýðnum: Yður er í dag frelsari fæddur, sem er Kristur Drottinn, í borg

Davíðs. Og hafið þetta til marks: Þér munuð finna ungbarn reifað og liggjandi í jötu.“ Og í sömu svipan var með englinum fjöldi himneskra hersveita sem lofuðu Guð og sögðu: Dýrð sé Guði í upphæðum og friður á jörðu og velþóknun Guðs yfir mönnum.

Þegar englarnir voru farnir frá þeim til himins sögðu hirðarnir sín á milli: „Förum beint til Betlehem að sjá það sem gerst hefur og Drottinn hefur kunngjört okkur.“ Og þeir fóru með skyndi og fundu Maríu og Jósef og ungbarnið sem lá í jötu. Þegar þeir sáu það skýrðu þeir frá því er þeim hafði verið sagt um barn þetta. Og allir sem heyrðu undruðust það er hirðarnir sögðu þeim. En María geymdi allt þetta í hjarta sér og hugleiddi það. Og hirðarnir sneru aftur og vegsömuðu Guð og lofuðu hann fyrir það sem þeir höfðu heyrt og séð en allt var það eins og þeim hafði verið sagt.

Lúkasarguðspjall 2. kapítuli



# Guðsþjónustur í Seljakirkju jól og áramót 2007

## 23. des. Þorláksmessa

- kl. 11 Barnaguðsþjónusta  
kl. 14 Guðsþjónusta Altarisganga  
sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson prédikar

## 24. des. aðfangadagur jóla

- kl. 18 Aftansöngur  
sr. Bolli Pétur Bollason prédikar  
Kammerkór Seljakirkju syngur  
Jólatónlist leikin frá kl. 17:30

## kl. 23:30 miðnæturguðsþjónusta

- sr. Valgeir Ástráðsson prédikar  
Kirkjukórinn syngur  
Jóhann Friðgeir Valdimarsson syngur einsöng  
Jólatónlist flutt frá kl. 23:00

## 25. des. jóladagur

- kl. 14 Guðsþjónusta  
sr. Valgeir Ástráðsson prédikar  
Kirkjukórinn syngur

## 26. des. annar jóladagur

- kl. 14 Guðsþjónusta  
sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson prédikar  
Kirkjukórinn syngur  
kl. 16 Guðsþjónusta Skógarbæ  
sr. Bolli Pétur Bollason prédikar

## 30. des sunnudagur milli jóla og nýárs

- kl. 14 Guðsþjónusta  
Guðrún Eyjólfsdóttir prédikar  
AA fólk sérstaklega boðið velkomið

## 31. des. gamlársdagur

- kl. 18 Aftansöngur  
sr. Valgeir Ástráðsson prédikar  
Kirkjukórinn syngur  
Einsöng syngur Sigurður Skagfjörð

## 1. janúar nýársdagur

- kl. 14 Guðsþjónusta Altarisganga  
sr. Bolli Pétur Bollason prédikar  
Kirkjukórinn syngur  
Shopie Marie Schoonjas leikur á hörpu.  
kl. 16 Guðsþjónusta í Skógarbæ  
Sr. Valgeir Ástráðsson prédikar

Organisti við guðsþjónusturnar er Jón Bjarnason

## Hvenær hefst starfið eftir hátíðar ?

Fyrsta barnaguðsþjónusta eftir áramót verður sunnudaginn 13. janúar kl. 11. Sunnudaginn 6. janúar verður guðsþjónusta kl. 14, að vanda, en einnig verður guðsþjónusta kl. 11, en henni verður útvarpað. Fyrirbæna guðsþjónusta verður miðvikudaginn 9. janúar kl. 18. Fermingarfræðslan hefst 8. og 9. janúar skv. stundaskrá. Barnakórinn byrjar æfingar þriðjudaginn 8. janúar og fimmtudaginn 10. janúar. K.F.U.M. verður með fyrsta fund sinn fimmtudaginn 17. janúar og K.F.U.K. mánudaginn 7. janúar. Yngri deild Sela heldur fyrsta fund á nýju ári mánudaginn 14. janúar og eldri deildin þriðjudaginn 15. janúar. Fyrsti biblíulesturinn verður 16. janúar kl. 19:30.



Safnaðartíðindi Seljasóknar  
28. árg. 4. töl. Jól 2007

Seljakirkja  
v/Raufarsel 109 Reykjavík s: 567 0110  
Ritstjórn og ábyrgð: Sr. Valgeir Ástráðsson  
Útlitshönnun: Gísli B. Björnsson  
Prentvinnsla: Svansprent hf.  
Upplag: 3000 eintök.